

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 25. maí 2007 í máli nr. E-5341/2005:

Hulda Jónsdóttir

(Halldór Helgi Backman hrl.)

gegn

Árna Gunnari Pálssyni og

Vátryggingafélagi Íslands hf.

(Anna Dögg Hermannsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem höfðað var 31. ágúst 2005, var dómtekið 30. mars sl.

Stefnandi er Hulda Jónsdóttir, Arnarsmára 12, Kópavogi.

Stefndu eru Árni Gunnar Pálsson, Heiðarvegi 1, Selfossi, og Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3, Reykjavík.

Dómkröfur

Stefnandi gerir þær kröfur í málinu að viðurkennd verði með dómi skaða bótaskylda stefndu vegna líkamstjóns þess sem stefnandi varð fyrir sem ökumaður bifreiðarinnar X-1215 þann 31. ágúst 1995. Jafnframt gerir stefnandi kröfu um málskostnað úr hendi stefndu, að skaðlausu, að mati dómsins.

Dómkröfur stefnda eru að þeir verði sýknaðir af dómkröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður að mati dómsins.

Málavextir

Stefnandi starfaði sem bílstjóri lítillar sendibifreiðar, X-1215, við dreifingu á brauði og kökum. Eigandi bifreiðarinnar var Kökugerð HP á Selfossi. Þann 31. ágúst 1995 lenti stefnandi í árekstri á Vesturlandsvegi, nánar tiltekið í Ártúnsbreyku í Reykjavík. Atvik voru þau að stefnandi ók austur Vesturlandsveginn á hægri akrein er stefndi Árnii ók bifreið sinni út af athafnasvæði Esso með ætlaða akstursstefnu vestur Vesturlandsveg. Ók stefnandi Árni í veg fyrir bifreið stefnanda með þeira afleiðingum að árekstur varð með bifreiðunum.

Ágreiningslaust er í málinu að stefndi Árni beri ábyrgð á slysinu og var sök felld á hann. Hafði hann keypt lögboðnar tryggingar ökutækis hjá

tryggingafélaginu Skandia en bifreiðin
sem stefnandi ók var tryggt hjá stefnda,

Vátryggingafélagi Íslands hf., sem keypti síðar

Hinn 12. október 1995 tilkynnti stefnandi hinu stefnda félagi um slysið. Í þess félags. Bótaskylda vegna slyssins máli því september 1997 innti stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., af hendi nokkrar greiðslur til stefnanda vegna lækni- og ferðakostnaðar, þjáningabóta og ferðakostnaðar, samtals 58.543 krónur.

Stefnandi kveðst við slysið hafa hlotið bæði líkamlega áverka og andlegan skaða. Er áverkum stefnanda lýst í læknisfræðilegum gögnum.

Beiðni um örorkumat var lögð fram af hálfu stefnanda og stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., sbr. matsbeiðni dags. 2. mars 2005. Í matsbeiðni setur stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., fram þann fyrirvara að þrátt fyrir aðild félagsins að matsbeiðninni áskilji það sér rétt til að bera fyrir sig fjögurra ára fyrningarreglu 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Örorkumatið var framkvæmt af læknum Atla Þór Ólasyni og Ragnari Jónssyni. Niðurstaða matsins var m.a. sú að varanleg örorka stefnanda vegna slyssins væri 40% og varanlegur miski 25%. Þá var talið að stöðugleikapunktur hefði verið náð 1. september 1997.

Með bréfi, dags. 28. júlí 2005, var stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., send bótakrafa stefnanda. Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafnaði bótaskyldu í bréfi, dags. 3. ágúst 2005, með vísan til þess að krafan væri fyrnd samkvæmt 99. gr umferðarlaga.

Stefnandi kveðst ekki reiðubúin að fallast á afstöðu stefnda til fyrningar kröfunnar og í bréfi, dags. 9. ágúst 2005, skoraði stefnandi á stefnda að endurskoða afstöðu sína. Á það var bent af hálfu stefnanda að greitt hefði verið a.m.k. í þriggja áttíu prósentum af kröfu stefnanda á fyrningarfyrirvara vegna fyrningar. Bréfi þessu var ekki svarað. Lítur stefnandi svo á að afstaða stefndu sé óbreytt og hefur hún því höfðað mál þetta.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi byggir kröfur sínar á XIII. kafla umferðarlaga nr. 50/1987. Stefnandi heldur því fram að krafa hennar í málinu sé ekki fyrnd. Bendir stefnandi á að henni hafi verið greiddar bætur að hluta allt fram á árið 1997 og með þessum greiðslum hafi stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., viðurkennt bótaskyldu sína allt

frá upphafi. Með tilkynningu um tjónið hafi fyrningu verið slitið í skilningi 99. gr. umferðarlaga. Stefnda hafi frá þeim degi mátt vera kunnugt um kröfuna. Hafi stefndi ekki haft neinar forsendur til þess að ætla að endanleg krafa kæmi ekki fram síðar. Byggir stefnandi á því að í versta falli falli krafa hennar undir almennar fyrningarreglur.

Fallist dómurinn ekki á framangreind sjónamið er á því byggt að ekki sé fyrirliggjandi á hvaða tímavarki stefnanda var fyrst gerlegt að hafa uppi bótakröfu í málinu. Niðurstaða matslækna um stöðugleikatímavarki sé ekki raunhæf að mati stefnanda þar sem slíkt mat verði ekki lagt í hendur lækna eingöngu, þar sem í raun sé um lögfræðilega spurningu sé að ræða. Þar að auki liggi fyrir í matsgerð Kristins Tómassonar að andlegur skaði stefnanda fór versnandi allt fram á árið 2004. Telur stefnandi ljóst að ekki sé hægt að telja ástand hennar stöðugt í skilningi skaðabótalaga meðan einkenni hennar fari versnandi. Sama hljóti að eiga við um það tímavarki þegar stefnanda var fyrst gerlegt að hafa uppi endanlega kröfu á hendur félaginu í skilningi 99. gr. umferðarlaga.

Í þriðja lagi og óháð fyrri málsástæðum telur stefnandi að hafi krafa hennar á einhverju tímavarki verið fyrnd þá hafi slíkri fyrningu verið slitið með innborgun af hálfu Vátryggingafélags Íslands hf. Fyrirliggjandi sé að félagið hafi greitt ýmsar bætur og aðra tjónslíði á árunum frá 1995 til 1997. Enn fremur skipti hér máli að félagið hafi þrívægis greitt inn á málið í október og nóvember 2004, sbr. dskj. nr. 7 - 11. Þær greiðslur félagsins hafi verið inntar af hendi án alls fyrirvara eða áskilnaðar um fyrningu. Ljóst sé að greiðslur félagsins hefðu ekki komið til nema fyrir hendi væri bótaskylda, enda teljist útlagður kostnaður til tjóns með sama hætti og aðrir bótalíðir. Engar sérreglur gildi um greiðslur tryggingafélaga á útlögðum kostnaði sérstaklega og því séu þessar greiðslur byggðar á sömu bótaskyldu og aðrar greiðslur sem til komi vegna bótaskylds slyss. Byggi stefnandi á því að með téðum greiðslum á útlögðum kostnaði hafi stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., viðurkennt tilvist og réttmæti kröfunnar jafnframt því að falla frá kröfu um fyrningu. Raunar byggi stefnandi á því að greiðslurnar hafi slitið fyrningu sérstaklega í samræmi við meginreglu 6. gr. laga um fyrningu nr. 14/1905. Í samræmi við það hafi fyrningarfræstur bótakröfu stefnanda því í raun endurnýjast, síðast þann 11. nóvember 2004, sbr. greiðslufirlit frá stefnda á dskj. nr. 11. Það sé því af og frá að bótakrafa stefnanda nú sé fyrnd. Byggi stefnandi á því að engu breyti um þetta þó stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi áskilið sér einhliða þann rétt að bera fyrir sig fyrningu er matsbeiðni var undirrituð af hálfu félagsins þann 2. mars 2005, löngu eftir að fyrri innborganir félagsins á tjónið höfðu verið inntar af hendi og fyrningu slitið.

Hvergi í 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eða í fyrirmynd þess ákvæðis, þ.e. 29. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 20/1954, sé vikið að því að sérstakar reglur gildi um slit fyrningar. Byggi stefnandi á því að strangari kröfur verði ekki gerðar um slit fyrningar á grundvelli 99. gr. umferðarlaga en almennt gerist, fremur að um vægari reglur sé í raun að ræða. Í versta falli hljóti þó sömu reglur að gilda um slit fyrningar í skilningi umferðarlaga og gilda um slit fyrningar almennt. Meginregla 6. gr. laga um fyrningu nr. 14/1905 hafi gilt og henni verið beitt í u.þ.b. hundrað ár. Feli hún í sér almenna reglu sem gildi um fyrningu krafna. Sérreglur, eða ákvæði sérлага, s.s. téð 99. gr. umferðarlaga, verði ekki skýrð rýmkandi að mati stefnanda. Af því leiði að þar sem beinu efni hennar sleppi hljóti almennar reglur og almenn viðmið um fyrningu og slit fyrningar að gilda fullum fetum. Telur

stefnandi fráleitan þann skilning að löggjafinn hafi ætlast til þess að fyrningu samkvæmt 99. gr. umferðarlaga yrði yfir höfuð ekki slitið, slík túlkun yrði að auki í hæsta máta óeðlileg og ósanngjörn í raun. Þvert á móti hljóti að verða að fallast á það með stefnanda að reglur 6. gr. laga um fyrningu gildi hér. Innborganir stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., síðast í nóvember 2004, hafi því slitið fyrningu bótakröfunnar. Enda hafi félaginu verið í lófa lagið að hafna greiðslu á útlögðum kostnaði eða setja fram sérstakan áskilnað áður en greiðslurnar voru inntar af hendi. Það hafi ekki verið gert.

Stefnandi byggir kröfur sínar á meginreglum skaðabótaréttar og reglum um ábyrgð án sakar. Jafnframt er byggt á reglum umferðarlaga nr. 50/1987, svo og ákvæðum laga nr. 14/1905, laga nr. 20/1954 og laga nr. 50/1993. Um málskostnað byggir stefnandi á ákvæðum laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum XXI. kafla þeirra laga. Krafa um virðisaukaskatt á málskostnað byggist á ákvæðum laga nr. 50/1988. Stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður stefndu og lagarök

Sýknukröfu sína byggja stefndu einkum á því að hugsanleg bótakrafa stefnanda sé fyrnd samkvæmt 99. gr. umferðalaga nr. 50/1987 og samkvæmt skýrri og nýlegri dómaframkvæmd Hæstaréttar í samskonar málum.

Í ákvæði 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 segi að allar bótakröfur, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber og vátryggingafélagi, fýrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi (stefnandi) fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Að mati matsmanna hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyssins rétt rúmlega tveimur árum eftir slysið, eða 1. september 1997. Samkvæmt ákvæði 99. gr. umferðarlaga og dómaframkvæmd Hæstaréttar byrjaði fyrningarfresturinn að líða í lok árs 1997. Þar sem fyrningarfrestur er fjögur ár, samkvæmt ótvíræðum ákvæðum 99. gr. umferðalaga, hafi krafa stefnanda fyrnst 1. janúar 2001, eða fyrir rúmlega 4 árum síðan. Sé ekkert í málinu sem réttlætt geti drátt stefnanda að leita fullnustu kröfu sinnar. Vísað sé til skýrrar dómaframkvæmdar Hæstaréttar þar sem rétturinn hafi slegið því föstu að samkvæmt 99. gr. umferðarlaga byrji fyrningarfrestur að líða í lok þess almanaksárs, þar sem að mati matsmanna sé tímabært að meta slysið. Stefnandi hafi ekki reynt að hnekkja því mati matsmanna í þessu máli að stöðugleikapunktur hafi verið 1. september 1997 og standi það því óhaggað.

Stefndu mótmæli því að krafa stefnanda fýrnist á 10 árum. Sú fullyrðing stefnanda, að lög nr. 14/1905, um fyrningu skulda og annara kröfuréttinda, eigi við um kröfu stefnanda, er mótmælt. Ákvæði um fyrningarfresti í lögum nr. 14/1905 eigi ekki við um kröfur eftir XIII. kafla umferðarlaga, enda séu sérákvæði 99. gr. umferðarlaga um fyrningu krafna samkvæmt XIII. kafla laganna ótvíræð.

Þeirri fullyrðingu stefnanda, að ekki sé fyrirliggjandi á hvaða tímapunkti honum var fyrst gerlegt að hafa uppi bótakröfu í málinu, sé mótmælt.

Dómafrankvæmd Hæstaréttar sé skýr varðandi þetta atriði, en eins og áður segi hafi rétturinn slegið því föstu að fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. umferðalaga byrji að líða í lok þess almanaksárs, sem tímabært sé, að mati matsmanna, að meta slysið. Stefnandi hafi ekki reynt að hnekkja því mati matsmanna að stöðugleikapunktur hafi verið 1. september 1997 og beri að miða við þá dagsetningu. Með hliðsjón af því sé ljóst að krafa stefnanda hafi fyrnst 1. janúar 2001.

Því sé mótmælt að með tilkynningu um tjónið hafi fyrningu verið slitið í skilningi sérreglu 99. gr. umferðalaga eins og stefnandi haldi fram í stefnu sinni. Um slit fyrningar bótakrafna samkvæmt umferðarlögum fari eftir almennum reglum laga nr. 14/1905, enda séu engin sérstök ákvæði um það efni í umferðarlögum. Fyrningu sé almennt slitið á tvennan hátt. Annars vegar með málssókn og hins vegar með því að skuldunautur viðurkenni skuld sína við kröfueiganda. Það að stefnda, Vátryggingafélagi Íslands hf., var tilkynnt um tjónið, hafi ekki slitið fyrningu.

Stefndi mótmælir því að greiðslur hans á útlögðum kostnaði stefnanda á árunum 1995, 1997 og 2004, svo sem læknskostnaði o.þ.h., feli í sér viðurkenningu á skyldu til að greiða einhverjar aðrar og frekari kröfur stefnanda vegna slyssins. Stefndi hafi aldrei viðurkennt greiðsluskyldu á öðru og meiru en hann hafi þegar greitt og aldrei fallið frá rétti sínum til að bera fyrir sig fyrningu á öðrum kröfum stefnanda, heldur þvert á móti, sbr. fyrirvarinn sem settur var fram í matsbeiðninni. Greiðslur stefnda breyti heldur engu um upphaf fjögurra ára fyrningarfrestsins né teljist geta rofið hann. Í ákvæði 6. gr. laga nr. 14/1905 segi að viðurkenni skuldunautur skuld sína við kröfueiganda, annað hvort með berum orðum eða á annan hátt, t.d. með því að lofa borgun eða greiða vexti, þá hefjist nýr fyrningarfrestur frá þeim degi er viðurkenningin átti sér stað. Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi hvorugt gert. Stefndi hafi aldrei með berum orðum viðurkennt greiðsluskyldu sína né greitt vexti. Greiðslur stefnda á læknisvottorðum sé eðlilegur þáttur í málum af því tagi sem hér sé fjallað um. Læknisvottorð séu m.a. liður í því ferli að undirbúa gerð örorkumats sem ávallt fari fram þegar um líkamstjón sé að ræða. Þegar stefnandi loks hafi hlutast til um að láta framkvæma örorkumat, þann 2. mars 2005, eða tæpum 10 árum eftir tjónsatburð, hafi stefndu haft uppi þá vörn við hugsanlegum bótakröfum, að þær væru fyrndar, sbr. fyrrgreindur fyrirvari á matsbeiðninni. Sé því mótmælt að stefndi hafi með nokkrum hætti rofið fyrningu með greiðslum á útlögðum læknskostnaði stefnanda.

Niðurstaða

Dómkrafa stefnanda á rætur að rekja til umferðarslyss sem varð 31. ágúst 1995 þegar bifreið, sem stefnandi ók, lenti í árekstri við aðra bifreið. Er því haldið fram af hálfu stefnanda að hún hafi í slysinu hlotið bæði líkamlega áverka og andlegan skaða. Ágreiningslaust er að stefndi Árni Gunnar Pálsson bar ábyrgð á árekstrinum. Hann hafði keypt lögboðnar tryggingar fyrir bifreið sína hjá tryggingafélagi og er einnig óumdeilt að bótaskylda hvíli á því tryggingafélagi, sem er stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf.

Samkvæmt matsgerð lækna Atla Þórs Ólasonar og Ragnars Jónssonar, dags. 22. júní 2005, var sá skaði sem stefnandi hlaut við slysið 25% varanlegur miski og 40% varanleg örorka.

Samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fynast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna, sem fjallar um fébætur og váttryggingu, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber á slysi og váttryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Á grundvelli þessa ákvæðis hafa stefndu hafnað greiðslu bóta en þeir halda því fram að krafa stefnanda sé fyrnd.

Samkvæmt matsgerð Atla Ólasonar og Ragnars Jónssonar telja þeir stöðugleikatímamunktur vera 1. september 1997. Segir að við mat á þessu atriði sé tekið mið af því hvenær einkenni stefnanda voru fram komin.

Hinn 6. apríl 2006 voru lækarnir Guðjón Baldursson og Sigurður Örn Hektorsson dómkvaddir, að beiðni stefnanda, til þess að meta stöðugleikapunktur stefnanda vegna umferðarslyssins, þ.e. að meta hvenær ástand stefnanda hafi verið orðið stöðugt í skilningi skaðabótalaga. Niðurstaða þeirra er sú að stöðugleikapunktur hafi verið 1. janúar 1999. Þá hafi öll hennar núverandi einkenni verið komin fram og ekki hafi orðið neinar breytingar á heilsufari stefnanda eftir það sem máli skipti við mat á varanlegum afleiðingum slyssins. Hefur þessu mati ekki verið hnekk.

Telja verður, sé miðað við þetta síðara tímamunktur, að stefnandi hafi í janúarbyrjun 2000 fyrst átt þess kost að leita fullnustu á skaðabótakröfu sinni vegna slyssins, sbr. 99. gr. umferðarlaga. Er því ljóst að hugsanleg bótakrafa stefnanda var fyrnd er mál þetta var höfðað hinn 31. ágúst 2005.

Stefnandi byggir einnig á því í málinu að fyrning hafi verið rofin með því að stefndi, Váttryggingafélag Íslands hf., greiddi á árunum 1996 til 1997 útlagðan kostnað stefnanda vegna læknisaðstoðar og ferðakostnaðar. Þá liggur fyrir að 45.000 krónur voru greiddar í þjáningabætur. Er ekki fallist á með stefnanda að þessar greiðslur og aðild stefnanda að öflun matsgerðar til þess að staðreyna tjón stefnanda vegna slyssins hafi rofið fyrningu á hugsanlegri kröfu stefnanda um skaðabætur vegna líkamstjóns, enda skýrt tekið fram í sameiginlegri matsbeiðni stefnanda og stefnda, Váttryggingafélags Íslands hf., að félagið áskilur sér rétt til þess að bera fyrir sig fjögurra ára fyrningarreglu 99. gr. umferðarlaga.

Þegar framanritað er virt þykir ljóst að krafa, sem stefnandi kann að hafa átt á hendur stefndu vegna líkamstjóns er hún hlaut í slysinu, var fyrnd þegar mál þetta var höfðað 31. ágúst 2005 og ber því að sýkna stefnda af viðurkenningarkröfu stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda., 870.000 krónur, þ.e. þóknun lögmanns hennar, Halldórs H. Backman hrl., 550.000 krónur og útlagður kostnaður vegna matsgerðar, 320.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði. Við ákvörðun málfutnings þóknunar er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð

Stefndu, Árni Gunnar Pálsson og Vátryggingafélag Íslands hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Huldu Jónsdóttur.

Málskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda., 870.000 krónur, þ.e. þóknun lögmanns hennar, Halldórs H. Backman hrl., 550.000 krónur og útlagður kostnaður vegna matsgerðar, 320.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Kristjana Jónsdóttir